



**MÁLSTAÐUR**

**Máltækni og gervigreind fyrir íslensku**

## Um Miðeind

Markmið Miðeindar er að koma hagnýtri gervigreind og máltækni í hendurnar á sem flestum, og auka almennan skilning og þekkingu á möguleikum hennar. Við leggjum áherslu á að þróa fyrsta flokks máltæknilausnir sem hafa hag íslenskunnar að leiðarljósi.

Miðeind gegndi veigamiklu hlutverki í framkvæmd fimm ára máltækniáætlunar stjórnvalda, þar sem áhersla var lögð á uppbyggingu máltækniinnviða. Miðeind hefur átt í samstarfi við og þjónustað fjölda innlendra fyrirtækja og stofnana. Miðeind hefur einnig átt í samstarfi við bandaríska gervigreindarfyrirtækið OpenAI við að koma íslenskunni inn í risamállíkön OpenAI.

Miðeind er þátttakandi í Evrópusamstarfsverkefni í Horizon-rannsóknáætluninni um gerð stórs gervigreindarmállíkans fyrir germönsk tungumál. Hjá Miðeind er saman kominn einn stærsti hópur sérfræðinga á sviði gervigreindar sem fyrirfinnst á landinu öllu og óhætt að segja að fylgst sé náið með allri rannsóknarvinnu og tæknilegri framþróun innan sviðsins.

## Um Málstað

Með Málstað náum við fram markmiðum okkar um að íslenskt samfélag njóti ávinningsins sem fylgir nýjustu vendingum í máltækni og gervigreind.

[Málstaður](#) sameinar allar helstu máltæknilausnir Miðeindar, byggðar á bestu fánlegu gervigreindartækni fyrir íslensku, í einu notendavænu viðmóti. Lausnirnar innan Málstaðar gagnast öllum en hafa skýran ávinning þegar kemur að aðgengi.

- **Málfríður:** Yfirlestur og leiðrétting á íslenskum texta. Virkar sérstaklega vel á texta frá fólki með lesblindu og fólki með annað móðurmál en íslensku.
- **Hreimur:** Umbreytir tali í texta. Hjálpar fólki með lesblindu að koma frá sér efni á skýran máta.
- **Erlendur:** Vélþýðing milli fjölmargra tungumála. Auðveldar fólki með annað móðurmál en íslensku að taka þátt í samfélaginu.



**MÁLSTAÐUR**

**Máltækni og gervigreind fyrir íslensku**

## Aðgangur að Málstað

Nokkrar leiðir eru til að nálgast Málstað, sem þjónar nú yfir 10.000 ánægðum notendum.

Nánari upplýsingar má nálgast á [málstaður.is/áskrift](https://malstadur.is/askrift).

- **Ókeypis aðgangur:** Ókeypis aðgangur að Málstað er veglegur, og gerir kleift að kynna sér virkni hans og möguleika án skuldbindingar.
- **Einstaklingsáskrift:** Gegn lágu mánaðarlegu gjaldi fæst aðgangur að auknum fríðindum, svo sem aukin innifalín notkun og virkni til að senda efni milli lausna fljótt og auðveldlega.
- **Hópáskrift:** Hópáskrift hentar bæði fyrirtækjum og stofnunum og svo einstaklingum og hópum sem þurfa meira en býðst í einstaklingsáskrift. Greitt er áskriftargjald eftir fjölda notenda, sem gefur nánast ótakmarkaðan aðgang að yfirlestri og samheitaorðabók Málfríðar. Notkunargjald er greitt fyrir aðrar lausnir innan Málstaðar, svo auðvelt er að laga Málstað að þínum þörfum.

## Frekari upplýsingar

Sendu póst á [mideind@mideind.is](mailto:mideind@mideind.is) ef þú vilt fræðast meira um okkur.

- <https://malstadur.mideind.is/um>: Upplýsingar um hverja lausn og algengar spurningar.
- <https://mideind.is/is/greinar>: Greinar og pistlar sem við höfum skrifað um Málstað og tæknina bak við hann, máltækni og gervigreind, ásamt nýjustu fréttum.
- <https://www.youtube.com/@mideind>: Ýmis myndskreið um Málstað og önnur verkefni Miðeindar.